Reykjavíkurborg
mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 8. nóvember 2019
R19050087
250

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

***Tillaga fjölmenningarráðs um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu***

Á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og fjölmenningarráðs þann 30. apríl 2019, var svohljóðandi tillögu fjölmenningarráðs vísað til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisráðs:

> Lagt er til að Reykjavíkurborg fari í heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu í garð innflytjenda í þeim tilgangi að stuðla að þróun samfélags þar sem allir samfélagsþegnar fái að lifa með reisn, í sátt og samlyndi. Átakið gæti snúið fyrst að vinnustöðum Reykjavíkurborgar og svo að samfélaginu í heild sinni með það að markmiði að auka vitund um fjölbreytni samfélagsins, hvetja til jákvæðara orðfæris og raungera hin auknu gæði og tækifæri sem fjölbreytileiki felur í sér. Ekki síst er mikilvægt að efla faglega þekkingu starfsfólks Reykjavíkurborgar á menningarnæmi og -færni.

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs þann 13. júní s.l. var mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í samvinnu við svið þjónustu- og nýsköpunar og svið mannauðs- og starfsumhverfis, falið að vinna að nánari útfærslu tillögunnar með kostnaðargreiningu sem væri lögð fyrir ráðið haustið 2019.

Tillögu um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu í samvinnu við Intercultural Cities, er hér með send mannréttinda-, nýsköpunar - og lýðræðisráði til afgreiðslu:

> Lagt er til að árið 2020 verði farið í átak gegn fordómum á vinnustöðum Reykjavíkurborgar í samvinnu við Intercultural Cities (ICC) sem Reykjavíkurborg er aðili að. Sem fyrirmynd verði notað verkefnið *Anti-rumour strategy*. Fengin verði sérfræðingur á vegum Intercultural Cities til að halda námskeið fyrir stjórnendur og starfsfólk, ásamt samhliða vinnu við áætlun um átak gegn fordómum. Heildarkostnaður er innan ramma. Sjá nánari útfærslu í hjálögðu minnisblaði um tillöguna.

Virðingarfyllst

Elísabet Pétursdóttir

Hjálagt:
Minnisblað um tillögu fjölmenningarráðs um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu

Reykjavík, 4. nóvember 2019

R19050087

Höfundur: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Efni: **Minnisblað um tillögu fjölmenningarráðs um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu**

Á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og fjölmenningarráðs þann 30. apríl 2019 var svohljóðandi tillögu fjölmenningarráðs vísað til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisráðs:

> Lagt er til að Reykjavíkurborg fari í heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu í garð innflytjenda í þeim tilgangi að stuðla að þróun samfélags þar sem allir samfélagsþegnar fái að lifa með reisn, í sátt og samlyndi. Átakið gæti snúið fyrst að vinnustöðum Reykjavíkurborgar og svo að samfélaginu í heild sinni með það að markmiði að auka vitund um fjölbreytni samfélagsins, hvetja til jákvæðara orðfæris og raungera hin auknu gæði og tækifæri sem fjölbreytileiki felur í sér. Ekki síst er mikilvægt að efla faglega þekkingu starfsfólks Reykjavíkurborgar á menningarnæmi og -færni.

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs þann 13. júní s.l. var mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í samvinnu við svið þjónustu- og nýsköpunar og svið mannauðs- og starfsumhverfis, falið að vinna að nánari útfærslu tillögunnar með kostnaðargreiningu sem væri lögð fyrir ráðið haustið 2019.

**Nánari útfærsla og kostnaðargreining**

1. Tillaga um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu á vinnustöðum Reykjavíkurborgar í samvinnu við Intercultural Cities.

Lagt er til að árið 2020 verði farið í átak gegn fordómum á vinnustöðum Reykjavíkurborgar í samvinnu við Intercultural Cities (ICC) sem Reykjavíkurborg er aðili að. Sem fyrirmynd verði notað verkefnið *Anti-rumour strategy*.

Sjá kynningu á verkefninu https://www.coe.int/en/web/interculturalcities/anti-rumours Bók og leiðbeiningar um verkefnið https://rm.coe.int/anti-rumours-handbook-a-standardised-methodology-for-cities-2018-/168077351c




Lagt er til að fengin verði sérfræðingur á vegum Intercultural Cities til að halda námskeið fyrir stjórnendur og starfsfólk ásamt vinnu við áætlun um átak gegn fordómum.

Sérfræðingurinn og höfundur stefnumótunar, Daniel de Torres Barderi myndi halda tveggja daga smiðju fyrir stjórnendur og starfsfólk Reykjavíkurborgar og vinna í samhliða áætlun um átak gegn fordómum.

**Kostnaður:** Óskað verði eftir aðkomu ICC að verkefninu enn annar kostnaður er innan fjárheimilda mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.